
ODDARANNSÓKNIN

Áætlun um fornleifarannsóknir í Odda á Rangárvöllum
2018-2020



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
Reykjavík 2017
FS659-17161



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Á forsíðu er mynd eftir W.G. Collingwood af Odda frá 1897 (*Fegurð Íslands og fornir sögustaðir*, 277).

©Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

FORSENDUR	4
STAÐA ÞEKKINGAR	5
Oddi	5
Fornleifarannsóknir í Odda og nágrenni	7
Rannsóknir á höfuðbólum og hjáleiguhverfum	8
Rannsóknir á manngerðum hellum	8
MARKMIÐ FORNLEIFARANNSÓKNA.....	9
ÁÆTLUN UM RANNSÓKNIR OG MIÐLUN	11
Grunnrannsóknir.....	11
Uppgröftur á Nautahelli	12
Kynning – miðlun – fræðsla.....	12
AÐFERÐAFRÆÐI.....	13
ÁÆTLUN UM AFMARKAÐA RANNSÓKNARÞÆTTI	14
2018.....	14
2019.....	15
2020.....	15
HEIMILDIR.....	16

Forsendur

Oddafélagið vinnur um þessar mundir að stefnumörkun sem miðar að endurreisn Oddastaðar sem miðstöðvar menningar. Þrír höfuðþættir áætlunar þar um eru *Oddarannsóknin*, *Þjóðbrautin um Odda* og *Fróðasetur í Odda*. Fornleifastofnun Íslands ses. var falið að vinna rannsóknaráætlun Oddarannsóknar til þriggja ára en markmiðið er að skipuleggja fornleifarannsóknir á staðnum, bæði fornleifauppgröft og grunnrannsóknir sem eru forsenda áframhaldandi rannsókna á sögu staðarins og uppbyggingar hans sem fróðaseturs. Samkvæmt áætluninni verða skilgreind markmið og leiðir við rannsóknir og miðlun, en margþætt miðlun er mikilvægur hluti af fornleifarannsóknnum. Verður lögð áhersla á að gera niðurstöður rannsókna um sögu Oddastaðar aðgengilegar almenningi og að þær nýtist til uppræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum.

Staða þekkingar

Saga Oddastaðar verður rannsökuð frá upphafi fram á 20. öld og hún sett í samhengi við sögu héraðsins og landsins alls. Rannsóknin sjálf er tvíþætt; annars vegar er hún umfangsmikil grunnrannsókn sem byggir undir frekari rannsóknir á staðnum og hefur að markmiði að svara spurningum um tilurð og uppgang valdamiðstöðvar í Odda og upphaf og þróun hjáleigubýggðarinnar í Oddahverfi. Hins vegar er hún rannsókn með uppgrefti á föllnum manngerðum helli í Oddatúni. Uppgröfturinn er aðferðafræðilegs eðlis og mikið nýmæli en aldrei hefur fallinn manngerður hellir verið grafinn upp á Íslandi.

Áður en lengra er haldið fer hér á eftir stutt samantekt um Odda og rannsóknarsvæðið og fjallað um þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á fornleifum í Odda og nágrenni og á manngerðum hellum á Íslandi.

Oddi

Oddi á Rangárvöllum er fornfrægt höfuðból og menntasetur sem Oddaverjar sátu fram til loka 13. aldar þegar biskup/kirkjan sölsaði undir sig staðinn. Oddi var landnámsbýli sem byggt var úr löndum Hrafns Hængssonar lögsögumanns snemma á 10. öld. Frægastir Oddaverja eru Sæmundur fróði Sigfússon og Jón Loftsson en sá síðarnefndi fóstaraði sjálfan Snorra Sturluson í Odda. Er Oddi eina landnámsbýlið á Rangárvöllum sem ekki hefur verið flutt undan uppblæstri og er enn í byggð. Eftir að veldi Oddaverja leið undir lok hafa margir merkir prestar setið Odda og hélt hann áfram að vera mikilvæg miðstöð og eitt ríkasta brauðið á Íslandi um aldir. Sjö biskupar hafa verið prestar í Odda en þar var Matthías Jochumsson einnig prestur og samdi hið eftirminnilega ljóð *Á Gammabrekku* um forna frægð staðarins.

Grundvallarrit um Odda er *Saga Oddastaðar* eftir Vigfús Guðmundsson frá Keldum. Þar er dreginn saman mikill fróðleikur úr heimildum um staðinn, ábúendur og presta í Odda. Margt hefur verið ritað um Oddaverja og áhrif þeirra og koma þeir víða við sögu í biskupasögum, Sturlungu og fleiri fornum ritum. Í bók sinni *Gamlar götur og goðavald* fjallar Helgi Þorláksson ítarlega um samgöngur við Odda og mikilvægi þess fyrir uppgang staðarins og Oddaverja að vera í þjóðbraut.

Á bæjarhóli Odda er ekki mikil sýnileg uppsöfnun mannvistarlaga sem kemur á óvart í ljósi þess að talið er að bærinn hafi alltaf staðið á sama stað og verið í stöðugri ábúð frá landnámi til okkar daga. Líklegt er að bærinn og kirkjan hafi alltaf staðið á sama eða svipuðum stað en

brýnt er að skilgreina umfang og dýpt mannvistarlaga á bæjarstæðinu og meta varðveisluskilyrðin þar.

Fyrstu heimildir um hjáleigubýggð í Odda eru frá því seint á 16. öld. Þá eru tvær nafngreindar hjáleigur í Odda; Vindás og Oddahóll. Heimildum um hjáleigur fjölgar til muna á fyrri hluta 17. aldar en þá eru hjáleigurnar orðnar sjö talsins. Önnur býli í landi Odda eru Kampastaðir og Núningar en ekki er vitað hvenær þau voru í byggð. Enn er búið í Vindási og búskap er nýlega hætt á Langekru. Oddahóll er sjálfstæð jörð sem enn er í ábúð en bærinn hefur verið fluttur á nýjan stað.

Í Odda eru engir uppistandandi hellar þekktir en heimildir eru um fimm hella í Oddatúni. Merkastir hljóta að teljast fallnir hellar syðst í túninu sem eru um 40 m á lengd og eru nánast samsíða. Annar þeirra er talinn vera Nautahellir sem greint er frá í Jarteinasögu Þorláks helga biskups frá 1199. Í sögunni kemur fram að nautahellir hafi fallið ofan á nautgripi sem í honum voru en einn uxi hafi fyrir áheit á Þorlák bjargast og gengið óstuddur í annan helli:

Í Odda varð sá atburður at nautahellir fell, ok urðu þar undir tólf naut; þau öll höfðu þegar bana, ok var nálíga hvert bein þeirra brotit ok engi iðr ósökut í þeim. En almáttigr Guð lét fylgja minniliga huggun þessum fjárskaða í jartein þeiri er hann lét verða fyrir enn sæla Þorlák byskup. Þar varð undir bjarginu með öðrum nautum uxi mikill ok góðr. En er menn kómu til hellisins þá sá menn þat at undan bjarginu tók höfuð uxans þess ens mikla ok þat var kvikt, en nálíga var mannhæð at bjarginu er á uxanum lá. Þá var til farit at höggva bjargit af uxanum ok verit at mikinn hlut dags. Þá var heitit á enn sæla Þorlák byskup, at uxinn skyldi við rétta, ok hétu þeir at gera kerti til dýrðar enum sæla Þorláki byskupi þat er tæki umb uxann. En er bergit var fært af uxanum þá var reistr upp ok studdr meðan hann fór út ór hellinum, en þá gekk hann þegar einn saman til annars hellis ok át þegar mat sinn enn sama aptan, ok var ekki bein brotit né knýtt, ok þótti þat af þveru frá glíkendum vera öllum þeim mönnum er deili vissu, er eigi var hvert bein brotit í honum sem öðrum nautum þeim er undir slíkum þunga höfðu verit. En kertit var fim álna langt ok brann of helgum dómi ens sæla Þorláks byskups hans messudag, ok lofuðu allir Guð ok enn sæla Þorlák byskup.¹

Má leiða líkum að því að hellarnir tveir sem nefndir eru í sögunni séu föllnu hellarnir syðst í Oddatúni. Auk þessara tveggja hella er heimild um fallinn helli í Ekrutúni² og eru þessir þrír hellar greinilegir á yfirborði. Við byggingu fjóss í Vindási kom hellir í ljós³ og einnig er getið

¹ *Íslensk fornrit XVI, Biskupasögur II*. 2002:126-7.

² *Sunnlenskar byggðir V*. 1987:12.

³ Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991:215.

um líklegan helli í túni Kraga⁴. Oddhóll var ein af hjáleigum Odda en hann er utan Oddatúns, nokkrum spöl lengra til austurs. Í heimildum er nefnt að ummerki um helli sjáist í túni Gamla-Oddhóls⁵. Líklegt er að fleiri manngerðir hellar hafi verið í Oddatúni og bendir nafn Gammabrekku til þess að í þeim hól (hæsta hólnum í Oddatúni) hafi verið hellir⁶.



Oddastaður sumarið 2009. Gammabrekka er hægra megin við kirkju og íbúðarhús (Fornleifastofnun Íslands).

Fornleifarannsóknir í Odda og nágrenni

Enginn fornleifauppgröftur hefur verið gerður í Odda fram að þessu en þar hefur farið fram mikilvæg grunnrannsókn með fornleifaskráningu og Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, gerði jarðsjármælingar á tveimur svæðum sumarið 2016. Mælingarnar voru annars vegar á bæjarstæði Odda (norðan við kirkjuna og vestan við íbúðarhús) og hins vegar sunnan við kirkjuna. Niðurstöður mælinganna benda til þess að leifar af gamla torfbænum séu undir sverði vestan við íbúðarhúsið. Sunnan við kirkjuna kom í ljós hornrétt mannvirki fast sunnan við kirkjuna sem gengur undir hana. Talið að þar gæti verið grunnur eldri kirkju. Eins voru vísbendingar um byggingu syðst á þessum reit, hornrétt og samsíða kirkjunni. Í skýrslunni er líkum leitt að því að þarna gætu verið leifar af enn eldri kirkju.

Aðalskráning fornleifa fór fram í Odda sumarið 2009⁷. Þá voru skráðar 68 minjar í landi Odda en með hjáleigunum sem voru lögbýli 1847 (*Kumli, Vindás, Strympa, For, Langekra, Kragi, Oddahóll*) voru alls skráðar 109 fornleifar. Fornleifastofnun Íslands hefur lokið aðalskráningu fornminja í Ásahreppi og í Rangárþingi Ytra, á svæðinu á milli Ytri- og Eystri-Rangár. Það er umfangsmikið gagnasafn sem mikilvægt er fyrir allar fornleifarannsóknir á svæðinu.

⁴ Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991:223.

⁵ *Sunnenskar byggðir V*. 1987:12.

⁶ Forliðurinn *gammi-* eða *gammur-* í örnefninu Gammabrekka hefur merkinguna jarðbyrgi, lappakofi (elsta dæmi frá 18. öld) í Íslenskri orðsifjabók (ef til vill skylt armensku *gam* í merkingunni fjárhellir, fjárbyrgi) og í sömu bók hefur orðið *gammur* í nútímaíslensku merkinguna hellis- eða bjargskúti.

⁷ Kristborg Þórsdóttir ritstj. Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II. FS446-06192.

Árið 2012 kom út skýrsla um verkefnið *Í sambúð með óværum granna; Forkönnun á ástandi, aldri og eðli eyðibýggðar í nágrenni Heklu*⁸. Það verkefni byggir að miklu leyti á fornleifaskráningu á Rangárvöllum en markmið þess var að afla ítarlegra upplýsinga um þann gríðarlega mikla fjölda eyðibýla sem er í Rangárvallahreppi, um aldur, ástæðu eyðingar, núverandi ástand og rannsóknarmöguleika. Á þeim grunni var gerð greining sem nýtist sem sjálfstætt framlag til umræðu um byggðaeýðingu og varðar leiðina að umfangsmiklum framhaldsrannsóknum. Uppblásturinn á Rangárvöllum hafði mikil áhrif um alla sveitina og kemur mjög við sögu Odda þó að bærinn hafi ekki farið í eyði af þeim sökum eða þurft hafi að færa hann undan sandi eins og marga aðra.

Rannsóknir á höfuðbólum og hjáleiguverfum

Oddi er eitt af stærstu höfuðbólum landsins en einkenni á þeim eru annarsvegar mikil landgæði og rúmt jarðnæði og hinsvegar fjöldi hjáleiga og afbýla. Á grundvelli ritheimilda og örnefna hefur verið ályktað að hjáleigur hafi almennt ekki komið til sögunnar fyrr en á síðmiðöldum og er þá gert ráð fyrir því að fyrir þann tíma hafi aðeins verið eitt heimili á höfuðbólum eins og Odda, sem hafi þá að sama skapi verið stór og mannmörg.⁹ Þó stórir uppgreftir hafi verið gerðir á höfuðbólum eins og Skálholti, Hólum, Reykholti og Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp hafa þeir nánast eingöngu beinst að bæjarstæðum þessara stórbýla og litlu ljósi getað varpað á þróun annarar byggðar á viðkomandi jörðum. Áralangar rannsóknir á Svalbarði í Þistilfirði benda til að flest afbýli þeirrar jarðar hafi byggst þegar í öndverðu en líka að byggingarsaga þeirra sé mjög flókin. Í Odda er tækifæri til að varpa ljósi á upphaf og þróun höfuðbóls, með því að rannsaka heildstætt landnýtingu og skipulag byggðar innan jarðarinnar.

Rannsóknir á manngerðum hellum

Á Íslandi eru þekktir hátt á annað hundrað manngerðra hella og eru þeir nánast allir á Suðurlandi, allt frá Ölfusi og austur í Mýrdal. Þeir eru margir ævaforinir og má ætla að sumir þeirra séu elstu hús á Íslandi sem enn standa. Manngerðir hellar hafa lítið verið rannsakaðir hér á landi en nokkuð verið um þá ritað. Grundvallarrit um manngerða hella á Íslandi er samnefnd bók eftir Árna Hjartarson, Guðmund J. Guðmundsson og Hallgerði Gísladóttur sem út kom árið 1991. Fornleifarannsóknir hafa ekki verið gerðar á manngerðum hellum en grafið

⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og fl. FS482-11011.

⁹ Ólafur Lárusson 1944:9-58.

hefur verið í öskuhauga við Kolholtshelli og leiddu niðurstöður þeirra rannsókna í ljós að líklega hafi verið búseta í hellinum fyrir Kötlugos 1480. Einnig var grafinn skurður í dæld sunnan við hellinn og komu þar í ljós leifar af föllum helli og vísbendingar um að þar hafi verið fjós¹⁰. Þá hefur Kristján Ahronsson gert tilraun til þess að aldursgreina manngerðan helli. Það gerði hann með því að grafa í meintan útmokstur úr helli á Seljalandi og skoða samband efnisins við gjóskulög á svæðinu¹¹.

Rannsóknir á uppstandandi hellum eru erfiðar að því leyti að hafi þeir verið í samfelldri notkun hefur verið mokað reglulega út úr þeim og því erfitt eða ómögulegt að aldursgreina þá út frá gólfögum eða gera aðrar greiningar á hlutverki og nýtingu. Það má því til sanns vegar færa að fallnir hellar henti betur til rannsókna því að yngstu gólfög í þeim ættu að vera óhreyfð.

Markmið fornleifarannsókna

Eins og fram hefur komið er Oddarannsóknin tvíþætt og skiptist í grunnrannsóknir og uppgröft á föllum manngerðum helli.

Heildarmarkmið *grunnrannsókna* í Odda er að afla þekkingar um hið forna höfuðbýli Odda, upphaf byggðar, umfang mannvistar og þróun byggðar í Oddahverfi. Ekki verður ráðist í umfangsmikinn uppgröft á bæjarhólnum í Odda eða kirkjugarði en slíkar rannsóknir eru mjög flóknar og tímafrekar. Þess í stað verður lögð áhersla á að nota fjarkönnunaraðferðir og kjarnaborun með skipulögðum hætti til að rannsaka stærra svæði, allt Oddahverfi. Kjarnaborun er einföld og ódýr aðferð til að afla mikilla upplýsinga á stuttum tíma. Með kjarnaborun er hægt að kortleggja útbreiðslu mannvistarlaga og gjóskulaga. Aðferðin hentar vel til þess að gera ýmsar efnagreiningar á jarðvegi, m.a. magn fosfats sem getur gefið vísbendingar um stærð túna til forna. Hægt er að taka sýni úr borkjörnum sem nýtast við rannsóknir á gróðri og ræktun og til aldursgreiningar. Á grunni niðurstaðna rannsókna með fjarkönnun og kjarnaborun er hægt að meta möguleikana á ítarlegri rannsókn með uppgræfti á völdum svæðum.

Leitast verður við að svara mikilvægum spurningum um það hvernig höfuðból á borð Odda verður til. Var það stærð jarðarinnar sem réði því, eða landgæðin? Var Oddi ein eining á 10. öld eða skiptist jörðin upp í fleiri einingar? Af hverju var staðurinn þarna en ekki

¹⁰ Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir, 1991:109.

¹¹ Into the Ocean. Vikings, Irish and Environmental Change in Iceland and the North.

annarsstaðar?

Manngerðir hellar eru mjög einkennandi minjaflokkur fyrir Suðurland sem lítið hefur verið rannsakaður. Mikilvægur hluti af Oddarannsókninni er kortlagning manngerðra hella í Odda og *uppgröftur á Nautahelli* en hans er getið í heimildum árið 1199 og er það elsta heimild um manngerðan helli á Íslandi. Aldrei fyrr hefur verið grafinn upp fallinn manngerður hellir hér á landi, þrátt fyrir mikinn og útbreiddan áhuga fræðimanna og almennings á tilurð hellanna og sögu þeirra. Uppgröfturinn verður að miklu leyti aðferðafræðilegs eðlis þar sem þekkingin á aðferðum til þess að grafa upp minjar af þessu tagi er ekki til staðar. Rannsóknin á sér því ekki hliðstæðu á Íslandi og þó víðar væri leitað.

Með rannsókn á Nautahelli verða þróaðar aðferðir við uppgröft á föllum manngerðum hellum en jafnframt verður svara leitað við fjölmörgum spurningum, m.a. um aldur, gerð hellisins og hlutverk.

Frá upphafi verður gert ráð fyrir öflugum kynningarstarfi á framgangi rannsókna og niðurstöðum og stefnt er að stofnun Fornleifaskóla barnanna í samstarfi við grunnskóla Byggðasamlagsins Odda bs. Vonir Oddafélagsins og Fornleifastofnunar Íslands standa til þess að fornleifarannsóknir í Odda og á Rangárvöllum geti haldið áfram eftir að þessari rannsókn lýkur og verða forsendur fyrir rekstri vettvangsskóla fyrir nemendur í fornleifafræði í Odda kannaðar til hlítar.

Mikilvægt er fyrir Oddarannsóknina og allt rannsóknarstarf í kjölfar hennar að byggja upp rannsóknarteymi sérfræðinga, bæði innlendra og erlendra. Þegar saman koma sérfræðingar víða að og framhaldsnemendur í hinum ýmsu greinum fornleifafræðinnar verða til forsendur til þess að halda rannsóknar- og fræðastarfi áfram í Odda. Það mun taka tíma að ná slíkum hópi saman og mikilvægt að geta tryggt fjármagn og húsnæði til að auðveldara verði að fá fólk til þess að skuldbinda sig verkefninu.

Áætlun um rannsóknir og miðlun

Hér fyrir neðan er nánari útlístaun á afmörkuðum þáttum Oddarannsóknarinnar, miðlunar og fræðslu.

Grunnrannsóknir

Grunnrannsóknir verða gerðar öll þrjú árin sem Oddarannsóknin nær yfir og verða þær yfirgripsmiklar og ítarlegar. Þeim má skipta upp í eftirfarandi liði:

- a) Gjóskulög á svæðinu í kringum Odda verða kortlögð. Slík kortlagning er nauðsynleg fyrir aldursgreiningu fornminja og hvers kyns breytinga á náttúrunni.
- b) Loftmyndir verða teknar af rannsóknarsvæðinu með flygildi. Þær verða notaðar til þess að bera kennsl á fallna hella og aðrar fornminjar í Oddatúni auk þess sem þrívíddarlíkan verður gert af svæðinu.
- c) Upplýsinga verður aflað um ástand og útbreiðslu mannvistar í Oddahverfi með borkjörnum og fjarkönnunaraðferðum á borð við loftmyndir, viðnámsmælingar og segulmælingar.
- d) Mannvistarleifar verða aldursgreindar út frá gjóskulögum í borkjarnasýnum og kolefnisaldursgreiningum.
- e) Áhersla verður lögð á að finna öskuhauga til frekari rannsókna en þeir eru m.a. ríkir af mikilvægum upplýsingum um mataræði og efnismenningu.
- f) Fornvistfræðilegar rannsóknir verða gerðar á sýnum úr borkjörnum. Sýni verða bæði tekin úr mannvistarlögum og setlögum utan búsetusvæða. Gerðar verða frumathuganir til að varpa ljósi á varðveisluskilyrði og möguleika á frekari rannsóknum. Rannsóknir á leifum skordýra, plantna og dýra sem og samsetningu og gæðum jarðvegs á svæðinu munu m.a. geta varpað ljósi á viðurværi og efnahag, landgæði og breytingar á gróðurfari og ræktun.
- g) Kortlagning allra manngerðra hella í Oddahverfi út frá heimildum, vettvangsathugunum og loftmyndum sem teknar verða með flygildi. Markmiðið er að varpa ljósi á það hversu umfangsmikil gerð og nýting manngerðra hella var í Odda. Sannreynt verður hvort hægt sé að nota fjarkönnunaraðferðir til þess að auðkenna fallna og lokaða hella.

Uppgröftur á Nautahelli

Ráðist verður í uppgröft á Nautahelli á fyrsta ári rannsóknarinnar (2018). Sá hluti rannsóknarinnar er til þess fallinn að vekja viðtækan áhuga sem mun styrkja framgang rannsóknarinnar og uppbyggingu í Odda. Með uppgreftinum verður leitað svara við eftirfarandi spurningum: Hvenær var hellirinn gerður (á hvaða tímabili?) og hvenær féll hann? Til hvers var hellirinn notaður? Breyttist hlutverk hans á notkunartímabilinu? Er hægt að finna læsilegar ristur á veggjum hellisins eða brotum úr hrundum veggjum sem varpa ljósi á aldur (ártöl), hugarheim (krossmörk, önnur tákn eða rúnir) og það hverjir notuðu hellinn (nöfn)?

Kynning – miðlun – fræðsla

Í Oddarannsókninni verður mikil áhersla lögð á kynningu, miðlun og fræðslu.

- a) Órjúfanlegur hluti fornleifarannsóknna er fræðsla og miðlun og verður almenningur hvattur til að heimsækja uppgraftarsvæðið og fá innsýn í störf fornleifafræðinga. Haldið verður úti Facebook-síðu rannsóknarinnar þar sem hægt verður að fylgjast með framgangi rannsóknarinnar og fá nýjustu fréttir. Á árlegri Oddastefnu verða fyrirbyggjandi niðurstöður kynntar.
- b) Stefnt er að stofnun Fornleifaskóla barnanna í samstarfi við grunnskóla í nágrenninu. Í skólanum er fjölbreyttur og fjór vettvangur útikennslu þar sem hægt er að tvinna saman fjölmargar námsgreinar og auka meðvitund um og skilning grunnskólanema á sögu lands og þjóðar.
- c) Stefnt verður að því að koma upp útisafni í Odda með nútímataekni þar sem upplýsingum um sögu staðarins og Oddarannsóknina verður komið á framfæri í gegnum snjalltæki. Með sömu tækni verður hægt að útbúa ratleik um svæðið í fræðsluskyni fyrir nemendur á ólíkum menntastigum.
- d) Fornleifastofnun Íslands starfrækti vettvangsskóla fyrir nemendur í fornleifafræði um árabíl og er Oddarannsóknin kjörin til þess að koma honum aftur á laggirnar með áherslu á rannsóknir á svæðum þar sem eldvirkni og uppblástur hefur haft mikil áhrif á þróun byggðar.

Aðferðafræði

Grunnrannsóknir verða fyrirferðamiklar en þær munu varpa ljósi á tilteknar rannsóknarspurningar og leggja grunn að frekari rannsóknum í Odda og á Rangárvöllum er fram líða stundir. Á þeim grunni verður hægt að taka upplýsta ákvörðun um hvort og hvar skuli ráðast í ítarlegar rannsóknir á afmörkuðum svæðum með uppgrefti. Umfangsmesta rannsóknaraðferðin verður kjarnaborun og verður henni beitt öll árin sem rannsóknaráætlunin nær yfir.

Rannsókn á Nautahelli með uppgrefti mun byrja með tiltölulega afmörkuðu svæði til þess að meta aðstæður og uppgrafthraða með tilliti til þess hversu flókin mannvistarlög koma í ljós. Vonir standa til þess að geta grafið allan hellinn út til þess að geta lagt mat á hann í heild sinni.

Áhersla er lögð á fjölfaglegt og fjölbjóðlegt samstarf í rannsókninni og verður sérstaklega leitað samstarfs við rannsóknarstofnanir og fræðimenn í héraði en eitt af markmiðum þessa þriggja ára verkefnis er að byggja upp samstarfsnet fræðimanna sem myndi þróa frekari rannsóknir á staðnum.

Úrvinnsla hvers árs verður unnin jafnóðum og gefin verður út skýrsla sem greinir frá niðurstöðum hvers áfanga ásamt sérfræðiskýrslum. Niðurstöður verða einnig kynntar á árlegri Oddastefnu sem Oddafélagið stendur fyrir.

Áætlun um afmarkaða rannsóknarþætti

Verkáætlun fyrir fyrsta rannsóknarárið er ítarlegri en hin tvö árin. Það skýrist af því að rannsóknir sumurin 2019 og 2020 eru háðar niðurstöðum rannsókna fyrsta ársins.

2018

Myndataka með flygildi af túninu í Odda. Teknar verða skámyndir af rannsóknarsvæðinu þegar sól er fremur lág á lofti en við þær aðstæður myndast skuggar sem draga fram minjar sem sjást illa eða ekki við önnur birtuskilyrði. Einnig verða teknar lóðréttar myndir af öllu svæðinu og gert þrívíddarlíkan af túninu í Odda sem mun bæði nýtast sem heimild um svæðið áður en rannsóknir hefjast og til þess að bera kennsl á jarðlægar fornminjar og fallna hella. Þrívíddarlíkanið mun ennfremur nýtast við miðlun og kynningu á rannsókninni.

Kortlagning gjóskulaga. Nauðsynlegt er fyrir allar fornleifarannsóknir á svæðinu að gjóskulagafræðingur kortleggi gjóskulög á svæðinu sem nýtast munu við aldursgreiningu á minjum og sýnum.

Uppgröftur á Nautahelli hefst. Tveir stórir fallnir hellar eru syðst í túninu í Odda og er annar þeirra að líkindum Nautahellir sem sagt er frá í Jarðinasögu Þorláks biskups helga árið 1199. Hluti þess hellis sem talinn er líklegri til að vera Nautahellir verður grafinn upp. Gert er ráð fyrir að handgrafa lítinn skurð til að sjá þykkt jarðlaga og skipan þeirra. Vélgrafa verður fengin til að opna svæði sem er 2x5 m að stærð og fjarlægja hrúnið grjótt. Ekki er ráðgert að opna of stórt svæði til að byrja með því það er talsverð óvissa um það hvernig uppgreftinum verður háttað og hversu flókin mannvistarlög koma í ljós. Markmiðið er að komast niður í gólfög sem verða rannsökuð ítarlega og sýni tekin fyrir margskonar greiningar.

Kjarnaborun 1/3. Sumarið fer í að prófa aðferðir við borun, kynnast aðstæðum og byggja þannig upp þekkingu á svæðinu. Gerð verður áætlun um sýnatöku úr borkjörnum en hún ræður miklu um tíma og fjármagn sem þarf fyrir þennan hluta rannsóknarinnar.

Fjarkönnunaraðferðir (jarðsjár-, segul- og viðnámsmælingar). Fjölbreyttum aðferðum við fjarkönnun verður beitt til þess að komast að því hvaða aðferð hentar best við rannsóknir í Odda.

2019

Uppgröftur á Nautahelli - áframhald. Stefnt er að því að grafa fram allan Nautahelli en áframhaldandi uppgröftur er háður niðurstöðum og framgangi uppgrafatarins frá árinu áður.

Kortlagning hella á svæðinu. Stuðst verður við heimildir og loftmyndir auk vettvangsathugana til þess að kortleggja þekkta og mögulega hella á rannsóknarsvæðinu, bæði í Oddatúni en einnig í Kamphól við Kampastaði.

Kjarnaborun 2/3. Borkjarnar verða teknir með skipulögðum hætti þar sem þekkt búseta er í Oddatúni og á milli þeirra staða til þess að afmarka búsetusvæðin og aldursgreina þau. Leitað verður að öskuhaugum sem kunna að henta til frekari rannsókna á lífsviðurværi og efnismenningu fólksins sem bjó í Odda, höfðingja og presta jafnt sem almennings.

2020

Fjarkönnunaraðferðir - framhald. Sú fjarkönnunaraðferð sem best reyndist eftir prófanir sumarið 2018 verður notuð til þess að fá betri mynd af mannvirkjum sem horfin eru af yfirborði. Þetta á við um bæjarstæðið í Odda og þeirra hjáleiga sem þekktar eru og hafa verið sléttaðar í tún (einkum Kumli og Kragi). Vonir standa til þess að fá upplýsingar um umfang bygginga á bæjarstæðunum og útlit. Einnig verða fjarkönnunaraðferðir notaðar þar sem borkjarnasýni gefa til kynna áður óþekkta búsetu.

Hellaleit með fjarkönnunaraðferðum. Gerðar verða tilraunir til þess að bera kennsl á fallna eða lokaða manngerða hella með fjarkönnunaraðferðum. Áhersla verður lögð á að kanna hvort manngerður hellir leynist í Gammabrekku. Grafnir verða prufuskurðir í meinta hella til að sannreyna hvort hægt sé að nota fjarkönnunaraðferðir til þess að auðkenna fallna og lokaða hella.

Kjarnaborun 3/3. Borkjarnar verða teknir með skipulögðum hætti þar sem þekkt búseta er í Oddatúni og á milli þeirra staða til þess að afmarka búsetusvæðin og aldursgreina þau. Leitað verður að öskuhaugum sem kunna að henta til frekari rannsókna á lífsviðurværi og efnismenningu fólksins sem bjó í Odda, höfðingja og presta jafnt sem almennings.

Heimildir

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og fl. 2012. Í sambúð með óværum granna. Forkönnun á ástandi, aldri og eðli eyðibýggðar í nágrenni Heklu. FS482-11011. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.

Íslensk fornrit XVI. Biskupasögur II. 2002. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Jónas Kristjánsson (ritstj.). Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2010. Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II. FS466-06192. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.

Kristján Ahronsson. 2014. *Into the Ocean. Vikings, Irish and Environmental Change in Iceland and the North*. University of Toronto Press, Toronto.

Ólafur Lárusson. 1944. 'Úr byggðarsögu Íslands.' *Byggð og saga*, 9-58. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. 1987. Búnaðarsamband Suðurlands, [Selfoss].

Vigfús Guðmundsson. 1931. *Saga Oddastaðar*. Höfundur gaf út, Reykjavík.

W.G. Collingwood. 1991. *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir*. Svipmyndir og sendibréf úr Íslandsför W.G. Collingwoods 1897. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.